



Barnaheill

Save the Children á Íslandi



ÁRSSKÝRSLA 2014



Barnaheill

Save the Children á Íslandi

2014

Stjórn

Kolbrún Baldursdóttir formaður
Atli Dagbjartsson varaformaður
María Sólbergisdóttir gjaldkeri
Dögg Pálsdóttir ritari
Guðrún Kristinsdóttir meðstjórnandi
Helga Sverrisdóttir meðstjórnandi
Sigríður Olgeirsdóttir meðstjórnandi
Bjarni Snæbjörnsson varamaður
Gunnar Hrafn Jónsson varamaður
Pórarinn Eldjárn varamaður

Starfsmenn

Fastráðnir

Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri
Hulda Stefánsdóttir skrifstofustjóri
– til 1. júlí 2014
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri
Sigríður Guðlaugsdóttir verkefnastjóri
Þóra Jónsdóttir lögfræðingur og
verkefnastjóri

Í tímabundnum verkefnum

Guðrún Ansnes Þorvaldsdóttir
Kristín Hulda Guðmundsdóttir

Ræstitæknir

Benný Brynjarsdóttir – til 1. júlí 2014

Nefndir

Kjörnefnd

Kolbrún Baldursdóttir
Ásta Ágústsdóttir
Sigríður Olgeirsdóttir
Til vara:
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Ársskýrsla 2014

Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Reykjavík maí 2015
Prentun: Litróf – umhverfisvæn
prentsmiðja

Forsíðumynd

Ljósmyndari: Gassi
Fyrirsætur: Rakel Síf, Helga Sóley,
Stefán, Ibrahim Kolbeinn, Jökull, Katrín
Lára og Kolbrún Anna í forgrunni.



Frá vinstri Erna Reynisdóttir, María Sólbergisdóttir, Dögg Pálsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Sigríður Olgeirsdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Atli Dagbjartsson og Helga Sverrisdóttir. Á myndina vantar Gunnar Hrafn Jónsson og Pórarinn Eldjárn

Laganefnd

Aðalmenn:

Kolbrún Baldursdóttir
Dögg Pálsdóttir
Guðrún Kristinsdóttir
Til vara:
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Skoðunarmenn ársreikninga

Helga Jónasdóttir
Þórður Þórkelsson
Til vara:
Ásta Ágústsdóttir
Grétar Már Axelsson

Fulltrúar í stjórn

Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún Kristinsdóttir
Erna Reynisdóttir varamaður

Löggiltur endurskoðandi

Árni Björn Birgisson

Verndari Barnaheilla –
Save the Children á Íslandi
er Vigdís Finnbogadóttir

Efnisyfirlit

3 Frá formanni og framkvæmdastjóra

4 Um Barnaheill

5 Innlent starf

13 Erlent starf

15 Tekjur og gjöld 2014

16 Lögfesting Barnasáttmálans

Frá formanni og framkvæmdastjóra

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa nú verið starfrækt í aldarfjórðung. Samtökin fögnuðu ekki einungis 25 ára afmæli sínu þann 24. október heldur varð barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna einnig 25 ára á árinu, eða þann 20. nóvember. Mikið var um dýrðir báða afmælisdagana. Í tilefni afmælis Barnaheilla buðu samtökin upp á hátíðardagskrá á Nauthóli á afmælisdeginum sjálfum þar sem fjöldi áhugaverðra erinda voru flutt. Tónlistaratriði voru í boði ungmenna og var viðurkenning samtakanna afhent við sama tilefni. Að þessu sinni hlaut Peggy Helgason viðurkenninguna fyrir óeigingjarnt framlag í þágu langveikra barna. Í yfir tvo áratugi hefur Peggy brugðið sér í gervi trúðsins Dr. Oliver og skemmt börnum á Barnaspítala Hringins auk þess sem hún er stofnandi Vildarbarna ásamt eiginmanni sínum Sigurði Helgasyni. Afmæli Barnasáttmálans var svo fagnað í Laugalækjarskóla 20. nóvember og markaði upphaf afmælisárs sáttmálans. Þingmenn úr öllum stjórnarflokkum skrifuðu við það tækifæri undir yfirlýsingu um að gerast talsmenn barna á Alþingi.

Innlend starfsemi samtakanna jókst töluvert á árinu 2014. Í byrjun árs var Þóra Jónsdóttir ráðin til samtakanna sem lögfræðingur og verkefnisstjóri innlendra verkefna. Verkefni ársins voru að venju fjölbreytt og spunnu talsvert vítt svið. Málsvarahlutverk samtakanna felst í því meðal annars að senda inn athugasemdir til Alþingis og stjórnvalda um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, stjórnvaldsfyrirmæli og stefnumótun ýmiss konar. Jafnframt senda samtökin frá sér áskoranir og ályktanir til að þrýsta á um aukna réttindavernd barna. Vernd barna gegn ofbeldi er ætíð stór þáttur í starfsemi samtakanna en samtökin eru þátttakendur í verkefninu Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á neti sem styrkt er af samstarfsáætlun Evrópusambandsins Safer Internet. Líður í því starfi er rekstur Barnaheilla á Ábendingalínu í samstarfi við ríkis-

lögreglustjóra. Ábendingalínan er sem fyrr aðili að SAFT-verkefninu, sem er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglunga á Íslandi.

Vináttuverkefni Barnaheilla er nýtt forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Því var hleypt af stokkunum á árinu þegar sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum hófu tilraunakennslu með efnið í eitt ár. Samtökin hafa látið þýða og staðfæra námsefnið og er verkefnið nú orðið eitt af stærstu verkefnum Barnaheilla. Vinátta er unnin í samvinnu við fulltrúa sveitarfélaganna og menntamálaráðuneytisins sem koma einnig að þróun efnisins.

Til að vekja athygli á vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu ferðamanna í heimalöndum barnanna létu Barnaheill gera veggspjald sem komið var fyrir í Leifsstöð. Veggspjaldið, sem hefur áletrunina Suspect Child sexual Abuse? Report it! er staðsett á áberandi stað í landgangi flugstöðvarinnar. Skilaboðunum er ætlað að hvetja fólk á ferðalögum erlendis til að tilkynna ef það hefur grun um að börn séu beitt kynferðisofbeldi. Samkvæmt íslenskum lögum getur Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga kynferðislegt samneyti við barn í öðru landi, verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í því landi þar sem brotið fer fram.



Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar



Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri



Frá afhendingu viðurkenningar Barnaheilla. Erna Reynisdóttir, Vigdís Finnbogadóttir, Sigurður Helgason, Peggy Helgason og Kolbrún Baldursdóttir.

Í apríl kom út skýrsla Evrópuhóps Save the Children um barnafátækt. Kynning á skýrslunni var haldin í Austurbæjarskóla en niðurstöður hennar vöktu mikla athygli og fékk skýrslan talsverða umfjöllun í kjölfarið. Það sem helst vakti fólk til umhugsunar var að um 16% barna á Íslandi eiga á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun.

Á miðju árinu var íbúð samtakanna að Rauðarárstíg seld. Ákveðið var að veita því fjármagni sem af sölnunni hlytist til fjárfestinga í öðrum verkefnum, svo sem Vináttuverkefni Barnaheilla og til öflunar nýrra styrktaraðila. Samtökin eiga áfram íbúðina við Skúlagötu 10 og er henni úthlutað sem fyrr af Barnaspítala Hringins til fjölskyldna langveikra barna af landsbyggðinni.

Barnaheill réðust í annað sinn í fjáröflunarverkefnið Jólapeysuna í lok árs. Fjöldi þekktra einstaklinga lögðu áttakinu lið með því að taka áskorunum í jólapeysum og safna áheitum. Átakið vakti mikla athygli og þá einkum og sér í lagi seðlabankastjóri sem tók þátt með því að tilkynna stýrivexti í jólapeysu. Alls söfnuðust yfir 4 milljónir í áttakinu sem var að þessu sinni til styrktar Vináttuverkefninu.

Ekki urðu miklar breytingar á stjórn samtakanna á aðalfundi samtakanna í maí utan þess að eitt sæti varamanns var fyllt af Gunnari Hrafn Jónssyni fréttamanni sem var kjörinn til eins árs.



Í júní fluttu Barnaheill – Save the Children á Íslandi skrifstofur sínar að Háaleitisbraut 13.

Í júní fluttu samtökin skrifstofur sínar frá Suðurlandsbraut 24 að Háaleitisbraut 13. Við flutningana urðu einnig nokkrar breytingar á starfsliði en Hulda Stefánsdóttir skrifstofustjóri og Benný Brynjarsdóttir ræstitæknir létu af störfum hjá samtökunum. Þökkum við þeim samstarfið.

Seinni part árs hófu samtökin átak í öflun mánaðarlegra styrktaraðila. Alls bættust tæplega 1800 nýir Heillavinir við í áttakinu en stuðningur frá almenningi er grunnurinn að fjármögnun samtakanna.

Við kunnum stjórn, starfsfólki og sjálfbodaliðum og þá ekki hvað síst

börnum sem lagt hafa samtökunum lið okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf og stuðning. Ungmennaráði Barnaheilla eru færðar sérstakar þakkir fyrir ómælda og metnaðarfulla vinnu að velferð og bættum réttindum barna. Einnig vilja samtökin þakka öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem stutt hafa fjárhagslega við starfseminu á liðnu ári. Án þessara fjölmörgu aðila væri ógerningur að halda úti því mikilvæga starfi sem samtökin vinna.

Kolbrún Baldursdóttir, formaður

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

Um Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í yfir 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Genfaryfirlýsing Þjóðarbandalagsins frá árinu 1924 var skrifuð af Eglantyne, en í henni var að finna ýmsar grundvallarreglur um vernd og umönnun barna. Yfirlýsingin varð síðar grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög.

Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er www.barnaheill.is. Þú finnur okkur líka á Facebook, Twitter og Instagram.



Innlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989 og átti því 25 ára afmæli á árinu 2014. Sáttmálinn var fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf. Barnaheill - Save the Children á Íslandi höfðu lengi barist fyrir lögfestingu sáttmálans og fagna því að hún sé orðin að veruleika, enda er það mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi.

25 ÁRA AFMÆLI BARNASÁTTMÁLANS

Í tilefni af 25 ára afmæli Barnasáttmálans hafa Barnaheill, í samstarfi við umboðsmann barna og UNICEF á Íslandi, unnið að skipulagningu ýmissa viðburða til að halda upp á afmælið. Fulltrúar þessara aðila höfðu frumkvæði að skipun afmælisnefndar með fulltrúum frá ráðuneytum og frá Norðurlandaráði sem studdu við framkvæmd afmælisviðburða. Ákveðið var að frá 20. nóvember 2014 til 20. nóvember 2015 yrði afmælisár Barnasáttmálans og yfir árið yrðu ýmsir viðburðir til að minnast afmælisins og vekja athygli á mannréttindum barna.

Ríkisstjórnarfundur ungmennaráðanna

Fyrsti viðburður afmælisársins var 18. nóvember þegar fulltrúar allra þriggja ungmennaráðanna fóru á ríkisstjórnarfund. Þar gafst þeim kostur



Sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir kynnti Mæðraskýrsluna 2014 á Barnaspítala Hringins fyrir fjölmiðlum og nýburamæðrum.

á að greina ráðherrum frá málefnum sem brenna á ungu fólki á Íslandi, s.s. geðheilbrigðismálum og menntamálum, ásamt því að ræða hvernig stuðla megi með markvissari hætti að því að uppfylla réttindi barna. Afar fátítt er að gestum sé boðið að sitja ríkisstjórnarfundum svo mikil ánægja varð með framtakið af allra hálfu. Ein af grundvallarforsendum Barnasáttmálans, er að í öllum málum er varða börn með einum eða öðrum hætti eigi þau rétt á að tjá sig og hafa áhrif.

Afmælishátíð í Laugalækjarskóla og talsmenn barna á Alþingi

Afmælishátíð í tilefni 25 ára afmælis Barnasáttmálans fór fram í Laugalækjarskóla þann 20. nóvember. Dagurinn hófst á því að ráðherrar, þingmenn og nemendur Laugalækjarskóla borðuðu morgunhafragrautinn saman. Að því loknu setti innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, hátíðina og lýsti afmælisár sáttmálans formlega hafið. Framkvæmdastjórn Barnaheilla, UNICEF á Íslandi, innanríkisráðherra og umboðsmaður barna fóru því næst fyrir fjöldasöng þar sem afmælisöngur Barnasáttmálans var sunginn við undirleik Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra. Á afmælishátíðinni undirritaði sérstakur hópur þingmanna yfirlýsingu

um að gerast „Talsmenn barna á Alþingi“. Hópin skipuðu þingmenn úr öllum flokkum sem höfðu áður setið námskeið á vegum Barnaheilla, UNICEF og Umboðsmanns barna um Barnasáttmálann og notkun hans sem hagnýts verkfæris við ákvarðanatöku og stefnumótun. Þingmannahópin skipuðu þau Elín Hirst (D), Karl Garðarson (B), Valgerður Bjarnadóttir (S), Páll Valur Björnsson (A), Birgitta Jónsdóttir (P) og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (V). Við undirritunina settu þingmennirnir upp sérstök „barnagleraugu“ til að muna eftir að líta á málin frá sjónarhorni barna.

Kvikmynd um Barnasáttmálann í tilefni 25 ára afmælisins

Ungmennaráð Barnaheilla, UNICEF og Umboðsmanns barna hófu á árinu undirbúning að gerð kvikmyndar um Barnasáttmálann í tilefni 25 ára afmælisins. Krakkarnir skrifuðu drög að handriti yfir sumarmánuðina sem liggur til grundvallar kvikmyndagerðinni. Unnið var að fjármögnun verkefnisins á árinu og leitað eftir samstarfi við skóla um að útvega krakka til að vinna að gerð myndarinnar. Markmiðið er að verkefnið verði að stærstum hluta unnið af börnum og ungmennum. Ríkissjónvarpið hefur gefið loforð fyrir



Hópur þingmanna úr öllum flokkum undirritaði yfirlýsingu um að gerast „Talsmenn barna á Alþingi“ og setti upp sérstök barnagleraugu til að muna eftir að líta á málin frá sjónarhorni barna. Hópurinn sat námskeið um notkun Barnasáttmálans sem hagnýts verkfæris við ákvarðanatöku og stefnumótun. Hópin skipa Karl Garðarsson (B), Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (V), Elin Hirst (D), Páll Valur Björnsson (A), Valgerður Bjarnadóttir (S) og Birgitta Jónsdóttir (P).

Því að sýna myndina og er stefnt að sýningu hennar í lok afmælisársins, þann 20. nóvember 2015. Kvikmyndagerðin mun að mestu fara fram á árinu 2015.

MÁLVARAHLUTVERK BARNAHEILLA

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða standa vörð um réttindi þeirra. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna, hér á landi sem erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila, þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum sínum, ályktunum og áskorunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barninu er fyrir bestu. Samtökin senda reglulega inn greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að. Allar greinarnar má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum *Fréttir*.

Eftirtaldar umsagnir um frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir voru sendar á árinu 2014:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga.

(EES-reglur, innleiðing, kæruneftnd, hælismál). 06.02.2014.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum (EES-innleiðing). 10.03.2014.

Umsögn um þingsályktunartillögu um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild. 22.04.2014.

Umsögn um þingsályktunartillögu um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu. 17.10.2014.

Umsögn um þingsályktunartillögu um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. 28.10.2014.

Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015. 03.11.2014.

Umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála. 04.11.2014.

Umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak (smásala áfengis). 05.11.2014.

Umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. 05.11.2014.

Umsögn um þingsályktunartillögu um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. 27.11.2014.

Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. 01.12.2014.

Umsögn um þingsályktunartillögu um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna. 09.12.2014.

Aðrar umsagnir eða sendar athugasemdir:

Athugasemdir og tillögur um drög að aðgerðaáætlun í málefnum fatlaðra. 23.01.2014.

Athugasemdir og svör við spurningalista Lanzarote nefndarinnar um framkvæmd og innleiðingu Evrópusamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun. 31.01.2014.

Athugasemdir og tillögur um drög að handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum. 12.06.2014.

Athugasemdir og tillögur um drög að handbók um öryggi og velferð barna í grunnskólum. Til menntamálaráðuneytis. 30.10.2014.

Starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi voru nokkrum sinnum boðaðir á fund hjá nefndum Alþingis á árinu 2014 til að ræða umsagnir samtakanna og þau málefni sem um var að ræða hverju sinni.

Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem fólk getur leitað upplýsinga. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2014. Málin voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál, eineltismál, grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmis konar.

Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa ár hvert frá árinu 2002, veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Til þessa hefur viðurkenningin verið veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Árið 2014 var brugðið út af þeim vana og var viðurkenningin veitt á 25 ára afmælisdegi Barnaheilla þann 24. október og var hluti af afmælisdagskrá samtakanna. Að þessu sinni hlaut Peggy Oliver Helgason, iðjubjálfi, viðurkenninga fyrir stuðning hennar við langveik börn á Íslandi. Peggy hefur í rúma tvo áratugi heimsótt börn á Barnaspítala Hringins í trúðsgervi og glatt þau með leik og lestri. Hún gefur hverju og einu barni góðan tíma, er fyndin, kenjött og kærleiksrík. Hún fær einnig annað starfsfólk spítalans til að taka þátt í leiknum. Þetta ómetanlega framlag hefur glatt mörg veik börn og gert þeim spítalavistina bærilegri. Jafnframt stofnuðu Peggy og maður hennar, Sigurður Helgason, ferðasjóð Vildarbarna Ícelandair árið 2003, en hugmyndina að sjóðnum á Peggy. Sjóðurinn hefur veitt fjölda langveikra barna og fjölskyldna þeirra ferðastyrk.

Afhending viðurkenningarinnar fór

fram í veislusal Nauthóls í Nauthólsvík. Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla – Save the Children á Íslandi tilkynnti viðurkenningarhafa. Meðlimir Ungmennráðs Barnaheilla og tónlistarkonan Selma Rán voru með tónlistaratriði. Bjarni Snæbjörnsson, leikari og stjórnarmaður í Barnaheillum stýrði athöfninni.

BARÁTTA GEGN OFBELDI Á BÖRNUM

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og gert fræðsluefni þar að lútandi.

Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi hefur langvarandi og skelfileg áhrif á börn og mótar allt lífshlaup þeirra. Mjög mikilvægt er að leita allra ráða til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi og koma í veg fyrir að efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi sé dreift á netinu. Því miður er það þó svo að á netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um Vernd barna gegn kynferðisofbeldi á neti. Verkefnið hefur verið styrkt af *Safer Internet samstarfsáætlun Evrópusambandsins*. *Markmið verkefnisins* er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda

og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum málaflökki hérlandis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem rekin er í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Á vef samtakanna, *barnaheill.is*, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt og/eða óviðeigandi efni á netinu. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis og fleira. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu. Lögreglan rekur slóðir efnisins og finnur hvar það er vistað og sér til þess að það sé fjarlægð. Efnið getur verið vistað á fleiri en einum stað en mikilvægt er að það sé upprætt sem fyrst eftir að það er tilkynnt, án þess þó að það skaði rannsóknarhagsmunum. Í auknum mæli er efnið á svokölluðu Tor-neti (laukneti) sem erfitt er að rekja og uppræta.

Ábendingalínan hefur frá árinu 2010 verið aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir því að hafa ábendingahnappinn á vefsíðum sínum. Jafnframt er hnappurinn auglýstur reglulega í fjölmiðlum. Hægt er að afrita hnappinn af vefsíðu Barnaheilla.

Frá árinu 2001 hafa Barnaheillum - Save the Children á Íslandi borist ríflega 4000 ábendingar í gegnum ábendingahnapp samtakanna. Þar af eru að meðaltali 45% ábendinganna um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2014 bárust ábendingar um 930 vefslóðir eða annars konar miðla og 98 þeirra reyndust innihalda efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt, eða í 10,5% tilfella. Skráning ábendinga á árinu 2014 miðaðist við fjölda vefslóða en ekki fjölda tilkynninga, því algengt er að hver ábending varði fleiri vefslóðir.

Framan af var lítið um ábendingar um vefsíður, sem voru vistaðar á Íslandi, en á undanförunum árum hefur þeim fjölgað. Um er að ræða íslenskar vefsíður með kynferðislegu myndefni



eða texta um íslensk börn og unglinga. Einnig hefur ábendingum um efni á samfélagsmiðlum fjölgað.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, regnhlífásamtökum ábendingalína. Í samtökunum eru meira en 50 ábendingalínur í 45 löndum og fer þeim fjölgandi ár frá ári. Þær eru frá öllum heimsálfum en flestar frá Evrópu. Starf INHOPE samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi og eru allar tölulegar upplýsingar skráðar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er meðal annars hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og eðli þeirra. Fjöldi ábendinga til INHOPE samtakanna eykst ár frá ári. Á árinu 2014 voru rúmlega 1.500.000 tilkynningar um ólöglegt efni skráðar í gagnagrunn INHOPE en voru 1.210.893 árið áður. Af þeim tilkynningum sem bárust árið 2014 voru 57% skilgreindar sem efni sem sýndi kynferðisofbeldi gegn börnum. Upplýsingar um dreifingu tilkynninga eftir heimshlutum liggja ekki fyrir, en árið 2013 komu 41% ábendinganna frá Evrópulöndum, svipað og árið 2012, 44% frá Norður-Ameríku (var um 40% 2012) og 15% frá öðrum heimshlutum (var 20% 2012). Af þessum ábendingum reyndust tæplega 55.000 um efni sem sýnir kynferðisofbeldi gegn börnum, en voru rúmlega 37.000 árið 2012. Í 37% tilfella var um að ræða efni á vefsíðum, 29% efnisins var vistað í

skýjum (file host), eins og Dropbox, MediaFlare, GoogleDrive, iCloud og álíka, 22% í svokölluðum myndaskýjum (image host) en 7% tilfella um efni á samfélagsmiðlum. 52% af efninu var vistað í löndum Evrópu, 44% í Norður- Ameríku og 3% annars staðar. Mikilvægt er að eftir að ábending berst fari rannsóknarvinna strax í gang og að efnið sé fjarlægð án þess að það skaði rannsóknarhagsmuni.

Þrátt fyrir öflugna starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar, er við ramman reip að draga. Tækninni fleygir stöðugt fram og þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess, reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Mjög erfitt er að uppræta það efni sem einu sinni er komið á netið. Eina örugga leiðin enn sem komið er, er að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Það er gert með öflugri fræðslu og forvörnum. Það er gert með því að styrkja þær stöðir samfélagsins sem vinna með börnum og foreldrum þeirra. Kynferðislegt tal við börn, að sýna þeim kynferðislegt efni, myndataka og myndbirting sem sýnir barn á kynferðislegan hátt er ofbeldi gegn barninu. Það barn sem beitt er ofbeldi ber aldrei ábyrgðina, *ábyrgðin er alltaf ofbeldismannsins.*

Vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu Íslendinga sem eru á ferð erlendis

Þegar fullorðinn einstaklingur á kynferðislegt samband við barn er það

kynferðisofbeldi gegn barninu. Samkvæmt íslenskum lögum getur Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga í kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi, verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram. Vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna leiðast 1-2 milljónir barna í heiminum út í vændi á ári hverju eða eru beitt kynferðisofbeldi gegn gjaldi. Þeir sem beita ofbeldinu eru gjarnan ferðamenn og ferðast þeir til landa þar sem efnahagur og aðstæður eru verri en í heimalandinu. Einnig er um að ræða menn í viðskiptaferðum, farandverkamenn, hermenn, starfsmenn erlendra ríkja og fyrirtækja og fleiri. Hinn fullorðni getur ekki skýlt sér bak við samþykki barnsins, menningarmun eða að barnið hafi frumkvæði af samskiptunum. Ávallt er verið að nýta sér neyð barnanna.

Barnaheill vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að ferðamenn frá Íslandi beiti börn kynferðisofbeldi á ferðum sínum erlendis. Í maí 2014 var sett upp skilti í Leifsstöð, þar sem Barnaheill hvetja ferðamenn til að tilkynna ef þeir verða vitni að ofbeldi gegn barni á ferðum sínum. Einnig gefa samtökin út póstkort með áletruninni Áriðandi skilaboð til ferðamanna. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar. Heilsugæslan hefur

lagt samtökunum lið með því að hafa kortið sýnilegt og afhenda það þeim sem leita til heilsugæslunnar áður en þeir leggja í ferðalög til fjarlægra landa. Jafnframt geta ferðaskrifstofur fengið póstkortið til dreifingar.

FÁTÆKT BARNA Á ÍSLANDI

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsrikt líf og ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra. Frá árinu 2013 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi unnið að vitundarvakningu um barnafátækt og afleiðingar fátæktar á börn. Einn hluti þeirrar vinnu er samstarf um málefnið við Evrópuhóp Save the Children. Gerð var úttekt á málefnum fátækra barna í löndum Evrópu og unnið að gerð skýrslu sem kom út í apríl 2014; *Child Poverty and Social Exclusion in Europe - A matter of children's rights*. Þar kom meðal annars fram að tæplega 27 milljónir barna í Evrópu eiga á hættu að lenda í fátækt eða félagslegri einangrun í Evrópu. 28% barna yngri en 18 ára eru í þessari stöðu (ESB- lönd, Ísland, Noregur og Sviss) og um 16% barna á Íslandi, sem eru um 12.000 börn. Meðal annars voru skoðaðir þættir á borð við áhrif uppruna barnanna, fjölskyldugerðar, menntun foreldra, atvinnuþátttöku foreldra og búsetuskilyrði barnanna. Í tengslum við úttektina tóku Barnaheill jafnframt viðtöl



við íslensk börn sem búa við fátækt, félaga þeirra og kennara í grunnskólum.

Niðurstöður skýrslunnar voru víða kynntar og fengu umtalsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Í allri umfjöllun skoruðu Barnaheill á íslensk stjórnvöld að tryggja að ekkert barn þurfi að búa við fátækt á Íslandi. Að alast upp í fátækt er brot á réttindum barna og hefur afdrifaríkar afleiðingar á líf þeirra.

VINÁTTA-FRI FOR MOBBERI

Í febrúar 2014 undirrituðu Barnaheill - Save the Children á Íslandi samstarfssamning við Mary Fonden og systursamtökin Red barnet - Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu *Fri for mobberi*, forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. *Fri for mobberi*, er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden og kom fyrst út í Danmörku árið 2007 og er nú jafnframt í notkun á Grænlandi og í Eistlandi. Áform eru um að taka það til notkunar í fleiri löndum. Háskólinn í Hróarskeldu hefur þróað spurningakönnun til að taka efnið út og meta árangur þess. Rannsóknir í Danmörku sýna mjög góðan árangur af notkun efnisins og mikil ánægja er með verkefnið meðal starfsfólks og foreldra barnanna í skólunum þar sem það er notað.

Á Íslandi fékk námsefnið nafnið *Vinátta*, en það hefur skírskotun í þau gildi sem efnið byggir á; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Barnaheill hafa látið þýða, staðfæra og framleiða námsefnið fyrir leikskóla. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaefni, efni fyrir starfsfólk og foreldra auk kennsluleiðbeininga. Efninu fylgir bangsinn Blær, sem er táknmynd vináttunnar, auk lítilla hjálparbangsa fyrir hvert barn sem vinnur með efnið. Starfsfólk skóla fær fræðsluna og þjálfun í notkun efnisins. Veturinn 2014-2015 nota sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum efnið í tilrauna- og aðlögunarskyni í samstarfi við Barnaheill. Það eru Kirkjuból í Garðabæ, Álfaheiði í Kópavogi, Vesturkot í Hafnarfirði, Hlíð í Mosfellsbæ, Ugluklettur í Borgarbyggð og Leikskóli Seltjarnarness. Starfsfólk leikskólanna fór á námskeið við upphaf verkefnisins og tekur jafnframt þátt í

rannsóknum og mati á árangri efnisins, sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands staðfærir og vinnur úr í samstarfi við Barnaheill. Strax má sjá árangur af notkun efnisins í samskiptum barnanna á leikskólunum.

Á næsta ári mun fleiri leikskólum standa efnið til boða og Barnaheill stefna að geta boðið öllum leikskólum á Íslandi til þátttöku í verkefningu.

STUÐNINGSVERKEFNI

Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

Rekstur íbúða fyrir fjölskyldur langveikra barna

Barnaheill hafa átt tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur haft umsjón með notkun þeirra og útleigu. Íbúðirnar eru á Skúlagötu og Rauðarárstíg, en á miðju ári 2014, var íbúðin að Rauðarárstíg seld. Fram að þeim tíma voru dvalardagar í íbúðinni 112 sem er 68% nýting, en dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu voru 259 sem er 71 % nýting.

Hreyfing og heilbrigði

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna nú að átaksverkefningu „Hreyfing og heilbrigði“. Verkefningu er ætlað að efla vitund um mikilvægi heilbrigðs lífs fyrir börn; hvort sem er út frá líkamlegu og andlegu heilbrigði eða í forvarnarlegu tilliti. Verkefnið byggir á ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til heilsuverndar og banni við mismunun. Auk þess byggir verkefnið á ákvæðum sáttmálans um ábyrgð foreldra og aðildarríkja. Verkefningu er ætlað að auka vægi hreyfingar og efla þannig bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði barna og stuðla að almennum heilsufarslegum forvörnum.

Hjólasöfnun

Hjólasöfnun Barnaheilla var haldin þriðja árið í röð í samvinnu við endurvinnslustöðvar Hringrásar og



Sorpu. Stofnað var til formlegs samstarfs við Æskuna, barnahreyfingu IOGT og Íslenska fjallahjólaklúbbinn vegna verkefnisins. Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Hjólunum var svo úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna í samstarfi við félagsþjónustuna og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Um 500 hjól í misgóðu ástandi söfnuðust og af þeim var hægt að úthluta um 100 viðgerðum hjólum. Fasteignafélagið Eik lánaði húsnæði til verkefnisins í Síðumúla.

ÁHRIFAMÁTTUR BARNA

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrir betur í íslensku samfélagi.

Í samvinnu við Fréttablaðið hafa auglýsingar verið birtar þar sem börn skrifa um réttindi sín. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og eru stöðug áminning fyrir lesendur um réttindi barna.

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á

landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt Barnaheillum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra. Frá upphafi hafa um 30 ungmenni tekið þátt í starfi ungmennaráðsins. Árið 2014 var ungmennaráðið í nánú samstarfi við ráðgjafahóp umboðsmanns barna og ungmennaráð UNICEF á Íslandi við undirbúning viðburða vegna 25 ára afmælis Barnasáttmálans, meðal annars við gerð kvikmyndar um sáttmálann sem unnin verður að mestu leyti á árinu 2015. Hápunktur afmælisársins varð við upphaf þess þegar fulltrúar ungmennaráðsins sátu fund ríkisstjórnarinnar í tilefni 25 ára afmælisins. Þar gafst þeim tækifæri til að fjalla um málefni sín og hvetja ráðamenn til að hlusta á raddir barna.

Samstarf við skóla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að sjónarmið barna og sýn þeirra komi fram í þeim verkefnum sem samtökin vinna að. Því leitast samtökin við að eiga samstarf við skóla. Á undanförmum árum hafa Barnaheill átt í samstarfi við ýmsa grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Nemendur hafa fengið fræðslu um samtökin, verkefni þeirra og mannréttindi barna. Þeir hafa undir handleiðslu kennara sinna unnið að ýmsum verkefnum í samstarfi við Barnaheill. Á árinu 2014

áttu Barnaheill samstarf við Álfhólsskóla og Austurbæjarskóla. Nemendur í 10. bekk skólanna unnu verkefni í tengslum við fátækt barna. Verkefnin voru hluti af vinnu Barnaheilla um barnafátækt á Íslandi og útgáfu á skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla – Save the Children um málefnið.

FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGARSTARF

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum. Leitað er til samtakanna af öðrum samtökum og opinberum aðilum. Samtökin veita fræðslu í ABC-skólanum auk þess sem nemar í grunn- og framhaldsskólum og háskólum leita reglulega upplýsinga um starf samtakanna og þau málefni sem þau vinna að. Þá fengu kennarar í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum fræðslu um starf Barnaheilla, Barnasáttmálann og mannréttindi barna á árinu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og greinar eru jafnframt birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook.

INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í víðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi. Samtökin eru í samstarfi við Heimili og Skóla, Ríkislögreglustjóra og Rauða krossinn vegna SAFT verkefnisins og ábendingalínunnar.

Barnaheill hafa tekið þátt í starfi velferðavaktar velferðarráðuneytis frá stofnun vaktarinnar árið 2009. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitgjafi á sviði velferðarmála. Á árinu 2014 var skipuð ný vakt með samþærilegu hlutverki og sú fyrri hafði, en sérstaklega skyldi hugað að velferð

og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna og aðstæðum þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megj úr henni. Skipaðir voru tveir samráðshópar og eiga Barnaheill fulltrúa í þeim báðum.

Jafnframt áttu Barnaheill sæti í samráðshópi velferðarráðuneytis um mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum barna og barnafjölskyldna til ársins 2020. Ennfremur má nefna þátttöku fulltrúa Barnaheilla í samráðshópi um ofbeldisforvarnir sem Embætti landlæknis heldur utan um, sem og þátttöku í vinnuhópi um geðrækt og forvarnir við mótun geðheilbrigðisstefnu á Íslandi.

Barnaheill eiga einnig samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskri þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálp, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), Sól í Tógó, SOS-barnapöpp og UN Women.

SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu, en SAFT stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni. SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun. Barnaheill eru aðili að INHOPE samtökunum sem eru regnhlífarsamtök ábendingalína með rúmlega 50 ábendingalínum víðs vegar um heiminn.

SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tíma-mótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá

veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnir og að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Vefsvæði hópsins er samanhopurinn.is og er hópurinn jafnframt með facebook síðu.

Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn Náum áttum skipuleggur morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstöðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2014 var brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum, frumvarp til laga um sölu áfengis í matvöruverslunum og um barnafátækt á Íslandi. Þar kynntu Barnaheill skýrslu Evrópuhóps samtakanna Child Poverty and Social Exclusion - A matter of children's rights. Vefsvæði hópsins er naumattum.is.

Samráðsvettvangur lögfræðinga sem starfa á sviði barnaréttar

Á árinu stóðu Barnaheill fyrir því að setja á stofn samráðsvettvang lögfræðinga sem allir starfa á sviði barnaréttar. Stefnt er að því að hópurinn fundi óformlega á tveggja mánaða fresti og er markmiðið með stofnun hans að hefja samtal og samstarf á meðal lögfræðinga um barnarétt með það fyrir augum að skiptast á upplýsingum og sjónarmiðum sem styrkt geta réttarstöðu barna almennt í samfélaginu. Hópin skipa um 10 lögfræðingar frá stofnunum, félagasamtökum og úr stétt lögmannna.

Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, flóttabarna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, m.a. í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu.

Á árinu 2014 var áfram lögð sérstök áhersla á málefni fátækra barna í Evrópu og skýrsla hópsins um málefnið kom út

í apríl 2014; *Child Poverty and Social Exclusion - A matter of children's rights*.

FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna.

Fræðsluvefurinn www.verndumborn.is hefur að geyma upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum. Barnaheill gefa jafnframt út bækling um málefnið sem dreift er á heilsugæslustöðvar og víðar.

Þetta er líkaminn minn er bók um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað um jákvæða og neikvæða snertingu. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Stöðugt er aukning á dreifingu og notkun bókarinnar og má ætla að tugir þúsunda íslenskra barna hafi notið góðs af henni frá því hún var fyrst gefin út árið 1998. Þróunarstofa heilsugæslunnar hefur fengið leyfi samtakanna til að nota efni bókarinnar í forvarnastarf heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra var jafnframt í samstarfi við Barnaheill um að gera bókina aðgengilega fyrir heyrnarlaus börn, foreldra þeirra og aðra sem annast þau. Til þess þarf að flytja efni hennar á íslensku táknmáli. Mikilvægt er að þeir sem dreifa bókinni ræði efni hennar við þá sem við henni taka áður en bókin er afhent.

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Námsgagna-stofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna



og mannréttindi barna. Námsvefurinn barnasattmali.is, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins og hentar nemendum frá 5 ára til 14 ára. Vefurinn er einnig ætlaður börnum og fullorðnum til almennrar notkunar.

Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna

Í tilefni af 25 ára afmæli Barnaheilla á árinu 2014 efndu samtökin til ljósmyndasýningar í Smáralind í samvinnu við Ástu Kristjánsdóttur, ljósmyndara. Sýningin var opnuð í desember og var gjöf samtakanna til barna á Íslandi í tilefni af afmælinu. Ljósmyndirnar byggðu á reynslusögum íslenskra barna úr samtímanum. Barna sem upplifað hafa ofbeldi, vanrækslu, einelti eða fátækt. Myndirnar sýndu óskir barnanna um betra líf. Í miðju sýningarinnar stóð óskatré þar sem börn gátu skrifað óskir sínar á miða og fest á tréð.

FJÁRÖFLUNARVERKEFNI

Út að borða fyrir börnin

Frá 15. febrúar til 15. mars 2014 fór fram árlega fjáröflunarátakið *Út að borða fyrir börnin*. Alls tóku 22 veitingastaðir þátt í áttakinu með því að láta hluta af ágóða valinna rétta renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

Jóla kort

Sala jóla korta er afar mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Karl Jóhann Jónsson

listmálari studdi samtökin með því að leyfa afnot af myndinni *Emilía í snjónum* á jóla kort samtakanna 2014. Myndin á kortinu er af dóttur listamannsins og hún er máluð í anda tímaritauglýsinga frá miðbiki síðustu aldar.

Mjúkdýraleiðangur Ikea

Mjúkdýraleiðangur IKEA fer fram árlega í nóvember og stendur fram yfir áramót. Þá gefur IKEA Foundation eina evru fyrir hvert mjúkdýr sem selst í IKEA verslunum um allan heim. Söfnunarféð rennur til menntunar barna víðsvegar um heiminn. Þar að auki býðst viðskiptavinum IKEA á Íslandi að setja mjúkdýr sem keypt eru í söfnunarkassa í versluninni. Mjúkdýrin sem safnast eru öll gefin til Barnaspítala Hringins og fá þau nýtt heimili hjá skjólstaðingum spítalans.

Jólapeysan

Jólapeysan var haldin í annað sinn á árinu 2014. Safnað var fyrir *Vináttu*, forvarnarverkefni samtakanna gegn einelti í leikskólum. Jólapeysan 2014 snérist um að standast áskorun, íklædd jólapeysu. Á *jolapeysan.is* var hægt að skrá sig til leiks, finna upp á áskorun og hvetja vini og vandamenn til að heita á sig. Fjöldi fólks tók þátt, þar má nefna Vilborgu Örnú Gissurardóttur sem gekk aftur á bak upp Esjuna ásamt Selmu Björk Hermannsdóttur. Már Guðmundsson seðlabankastjóri tilkynnti vaxtaákvörðun í desember í jólapeysu, Stefán Karl Stefánsson klæddi sjálfan

Trölla í jólapeysu, Eygló Harðardóttir velferðarráðherra var í jólapeysu við þingstörf og Hildur Eir Bolladóttir messaði í jólapeysu, svo fátt eitt sé nefnt.

Jólapeysuátakið er að fyrirmynd Christmas Jumper átaks Save the Children í Bretlandi. Átakið er aðlagð að íslenskrri menningu og aðstæðum.



Matarbirgðir í Tel Shihab í Dara'a héraði.

Erlent starf

Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children eru byggðar á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði, réttindabaráttu og neyðaraðstoð. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

NEYÐARAÐSTOÐ

Neyðaraðstoð er ein af meginstoðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í yfir 120 löndum, eru þau oftast en ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í hjálparstarfinu gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á áttaksvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

Neyðaraðstoð alþjóðasamtaka Save the Children á árinu 2014:

- fór fram á 103 stöðum víðsvegar um heiminn
- 46 landsskrifstofur voru starfandi með viðbragðsteymi
- 55 milljónir manna voru fórnarlömb hamfara eða átaka
- 9,4 milljónir manna nutu góðs af neyðaraðstoð samtakanna - þar af 4,8 milljónir barna
- 3 svæðisskrifstofur störfuðu nær eingöngu við að bregðast við neyð

Alþjóðasamtökin skipta neyðaraðstoð í fjögur stig þar sem mesta neyðin er skilgreind sem fyrsta stig. Ebólufaraldurinn í Vestur-Afríku og átökin í Sýrlandi flokkast sem fyrsta stigs

neyð. Samtökin hafa lagt mikla áherslu á aðstoð á þessum tveimur svæðum á árinu 2014.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu hjálparstarf alþjóðasamtakanna í Sýrlandi með fjárframlögum. Annars vegar með stuðningi við dreifingu á matarkörfum til fjölskyldna innan landamæra Sýrlands og hins vegar með framlögum í sjóð sem styður við allskyns verkefni bæði innan landamæra og í flóttamannabúðum utan Sýrlands.

SÝRLAND

Frá upphafi átakanna í Sýrlandi hefur ástandið farið versnandi dag frá degi. Talið er að um 7 milljónir manna séu á flóttu innan landamæra. Af þeim er um helmingur börn. Tæplega 5 milljónir búa á afskekktum svæðum sem hafa einangrast og allar nauðsynjar eru af skornum skammti, svo sem matur, vatn og eldsneyti. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa með stuðningi Utanríkisráðuneytisins fjármagnað verkefni sem felst í að dreifa matarkörfum til fjölskyldna á tveimur þessara staða, Wadi Barada og Dara'a. Alls sendu samtökin út um 10 milljónir króna í verkefnið.

Wadi Barada

Wadi Barada er dalur sunnan við Damascus með um 50.000 íbúa þar á meðal flóttamenn úr öðrum landshlutum. Undanfarna mánuði hefur ástandið hríðvesnað í dalnum og hafa hjálparstarfsmenn þurft að yfirgefa svæðið tímabundið vegna átaka.

Þrátt fyrir erfiðleika tókst að koma matarkörfum til 1606 fjölskyldna, eða 206 fleiri fjölskyldna en lagt var upp með í upphafi.

Dara'a

Í Dara'a héraði var matakörfum dreift í tveimur borgum, Tel Shihab og Sheikh Miskeen. Tel Shihab hefur sloppið nokkuð vel frá átökunum þó þau hafi aukist í bæjunum í kring. Samt sem áður hefur rafmagn og aðrir orkugjafar verið af mjög skornum skammti. Vatnsskortur

hefur einnig hrjáð íbúa í borginni. Í Dara'a tókst að dreifa matarkörfum til þeirra 400 fjölskyldna sem áætlað var. Í Sheikh Miskeen er ástandið enn verra þar sem hörð átök hafa geysað. Tveir þriðju hlutar borgarinnar eru algjörlega án rafmagns. Vatnsveitan skemmdist í átökum í mars svo íbúarnir reiða sig á brunn sem gengur fyrir olíu, sem er af mjög skornum skammti og dýr. Barnaheill – Save the Children náðu að dreifa 370 af þeim 400 matarkörfum sem áætlað var í Sheikh Miskeen.

Syria Regional Pool Fund

Seinni hluta ársins 2014 sóttu Barnaheill – Save the Children um styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að taka þátt í að fjármagna svokallaðan Syria Regional Pool Fund sem stýrt er af alþjóðasamtökunum. Sjóðurinn veitir fjármagni til neyðarhjálp og mannúðaraðstoðar vegna hörmunganna í Sýrlandi. Hann var settur á stofn til þess að framlög frá meðlimum Save the Children víðsvegar úr heiminum nýttust sem best og væri stýrt skipulega inn í þau verkefni sem samtökin standa fyrir á svæðinu. Ekki fékkst styrkur frá ráðuneytinu en samtökin sendu um 2 milljónir króna í sjóðinn á síðasta ári og ber hæst að nefna framlag frá Hagaskóla sem safnaði um 1,1 milljón á góðgerðardegi sínum Gott mál – unglingar fyrir unglunga síðastliðið vor.

Norður-Úganda

Frá árinu 2007 hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi, með stuðningi Utanríkisráðuneytisins, staðið fyrir uppbyggingar- og menntunarverkefnum í Pader og Agago héruðum í Norður-Úganda.

Verkefnunum lauk formlega í ágúst 2013 en svokölluð útgönguáætlun hófst árið 2014 og lýkur 2015. Utanríkisráðuneytið styrkti þessa áætlun auk kostnaðar við gerð á óháðri úttekt á verkefnum. Óháður ráðgjafi, Stella Samúelsdóttir var fengin til starfsins en hún hefur víðtæka reynslu á þessu sviði, bæði í framkvæmd verkefna, skýrslugerð og úttektum. Stella framkvæmdi úttektina í mars 2014 og skrifaði ítarlega skýrslu í kjölfarið.



Erna Reynisdóttir með nemendum úr Odom skólanum í Agago héraði.

Samkvæmt skýrslunni er enginn vafi á því að verkefnið hefur haft umtalsverð og jákvæð áhrif á skólagöngu barna í héruðunum. Fjölgun nemenda hefur verið mikil og brottfall minnkað mikið. Upp úr stendur aukin þátttaka unglingsstúlkna. Þeim árangri má fyrst og fremst þakka bættari hreinlætisaðstöðu og þjálfun í gerð margnota dömubinda. Verkefnið hafði einnig jákvæð áhrif á viðhorf foreldra til skólagöngu barna sinna, jók færni kennara til að miðla námsefni, bætti heilsu nemenda og skólaumhverfið almennt í þeim fjórum skólum sem verkefnið var starfrækt. Það sem helst var gagnrýnt var hversu flóknar samskiptaleiðir voru við umgjörð verkefnisins og að eftirlit og árangursmat hefði mátt vera betra á landsskrifstofunni í Kampala. Þau vandamál má hins vegar að stórum hluta rekja til þeirra breytinga á stjórnskipulagi innan alþjóðasamtakanna á meðan á verkefninu stóð. Góð samantekt er í skýrslunni um hvaða lærdóm má draga af verkefninu og framkvæmd þess. Einnig koma fram ábendingar um hvernig best sé að framkvæma útgönguáætlunina til þess að tryggja sjálfbærni verkefnisins. Framkvæmdáætlunin á þeim þætti var byggð á þessum ábendingum.

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, heimsótti þrjá af fjórum skólum verkefnisins í Agago og Pader héruðum í Úganda seinnpart marsmánaðar. Erna átti fund með nemendum, foreldrum og kennurum í skólunum auk samstarfsaðila og starfsmanna Save the Children, bæði á svæðinu sem og á landsskrifstofunni í Kampala.

EVERY ONE

Ekkert barn fæðist til að deyja - og engin móðir ætti að láta lífið af barnsförum. Samt deyja milljónir af þessum sökum á ári hverju. Daglega deyja tæplega 19 þúsund börn undir fimm ára aldri af völdum hungurs eða sjúkdóma á borð við lungnabólgu eða niðurgang. Raunveruleikinn er því miður sá að öll börn hafa ekki jöfn tækifæri til lífs. Þau sem búa í fátækustu og fjarlægustu löndum heims eru líklegust til að deyja.

EVERY ONE er alþjóðlegt átak Barnaheilla Save the Children til að sporna gegn því að börn undir fimm ára aldri láti lífið af viðráðanlegum orsökum. Eitt af markmiðum þess er að alþjóðasamfélagið sætti sig ekki við þessar háu tölur um barnadauða. Aðalmarkmiðið átaksins er að ná fjórða þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna – að fækka tilfellum barnadauða um 2/3 fyrir árið 2015.

Tekist hefur að hvetja stjórnvöld um allan heim til að móta stefnu og verklag sem hafi áhrif á að hraða ferlinu að þessu takmarki. Þannig verði sem dæmi komið í veg fyrir að börn deyi vegna auðlækanlegra sjúkdóma.

Mikill árangur hefur náðst á alþjóðavísu í baráttunni gegn barnadauða frá árinu 1990. Fjöldi barna sem látast fyrir fimm ára aldur er kominn niður fyrir 7 milljónir á ári samanborið við 12 milljónir á árinu 1990 – næstum helmingur þeirra eru nýburar – sem látast vegna sjúkdóma sem auðveldlega er hægt að lækna eða koma í veg fyrir.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka þátt í átakinu með því að vekja athygli á því innanlands.

ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld. Rík áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega ályktanir og/eða ábendingar til yfirvalda ef þau telja að verið sé að brjóta á réttindum barna, hér á landi sem erlendis.

Erlent samstarf


Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem alþjóðasamtökin standa fyrir.

Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landssamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2014 var haldinn í Berlín. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla og Kolbrún Baldursdóttir formaður sóttu fundinn. Á ársfundinn eru boðaðir formenn og framkvæmdastjórar allra landssamtaka Save the Children ásamt lykilstarfsmönnum alþjóðasamtakanna víða um heim. Yfirskrift fundarins 2014 var „Inspiring Breakthroughs“ og var hann tileinkaður fjórum meginstöðum alþjóðastarfsins, heilsu og næringu, menntun, vernd gegn ofbeldi og mannréttindagæslu barna. Þátttaka í ársfundum er afar mikilvæg, þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og fræðandi fram auk þess sem þar skapast tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif. Samkvæmt lögum alþjóðasamtakanna ber öllum landssamtökum að senda bæði formann og framkvæmdastjóra á fundinn.


Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.

Tekjur og gjöld 2014

SKIPTING TEKNA



SKIPTING GJALDA



Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla - Save the Children á Íslandi voru samtals kr. 61,1 milljón. Tæplega 60% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáröflunar. Rekstrargjöld voru kr. 96,3 milljónir. Þar af voru 56% beinn kostnaður við innlend og erlend verkefni. Aukning rekstrargjalda skýrist að öðru leyti af háum fjáröflunarkostnaði en farið var í fjárfestingu í öflun nýrra styrktaraðila í lok árs. Árangur fjölgunar styrktaraðila mun skila yfir 80% aukningu á þeim tekjulið á komandi árum. Fjáröflunarkostnaðurinn var fjármagnaður að mestu leyti með sölu eigna.

Barnasáttmálinn 25 ára

Þann 20. nóvember 2014 var 25 ára afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fagnað um allan heim. Barnasáttmálinn hefur verið leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi frá stofnun samtakanna, sama ár og Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Barnaheill og Barnasáttmálinn eru því jafnaldrar og nánir samherjar.

Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur sem til er. Alls hafa 194 ríki fullgilt hann. Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn rétt á að lifa og þroskast við bestu mögulegu lífsskilyrði, líkamlega, andlega og félagslega. Börnum þarf að tryggja lágmarksframfærslu til lífsafkomu sem gerir þeim kleift að öðlast slíkan þroska. Þeim má ekki mismuna og þeim skal tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Börn eiga rétt á virkri þátttöku í samfélaginu, á að segja skoðun sína um mál og ákvarðanir sem þau snerta og taka skal tillit til skoðana þeirra með auknum hætti eftir því sem þau eldast og þroskast. Það sem barni er fyrir bestu skal ætíð hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um líf þeirra og málefni. Þingi og stjórnvöldum ber skylda til að heimafæra reglur sáttmálans á nær allar ákvarðanir sem teknar eru. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013 og hefur gildi almennra laga. Það er því hægt að byggja rétt á ákvæðum hans fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstólum. Með lögfestingunni má segja að Ísland hljóti að vilja leggja sig sérstaklega fram um að virða mannréttindi barna og gera allt sem í valdi þess stendur til að uppfylla réttindi allra barna á Íslandi.

Á 25 ára afmæli Barnasáttmálans er gott að minna á mikilvægi þess að öll börn, allir þeir sem umgangast börn, vinna með börnum eða bera ábyrgð á þeim, kunni skil á mannréttindum barna. Íslensk stjórnvöld eru samkvæmt sáttmálanum ábyrg fyrir því að kynna meginreglur og ákvæði samningsins víða, með virkum hætti, jafnt fyrir börnum sem fullorðnum.

Barnasáttmálinn er mikilvægt tæki til að tryggja viðunandi viðmið um líf og aðstæður barna. Sé hann notaður á réttan hátt getur hann nýst sem forvörn gegn ofbeldi, fátækt, vanrækslu og stuðlað að heilbrigði og velferð barna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja alla til þess að kynna sér innihald sáttmálans, tileinka sér anda hans og lifa og haga sér í samræmi við ákvæði hans. Öll börn eru einstaklingar með sjálfstæð mannréttindi. Þau eru fullgildir meðlimir samfélagsins sem koma skal fram við af virðingu og kærleika. Tryggjum þeim þau réttindi.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi